

Menning tengd Kokerei Zollverein

Í Ruhr-héraðinu eru margir litlar borgir, þó að þeir liggi það þétt saman að þeir gætu hæglega myndað eina mjög stóra borg. Íbúarnir hafa í áraraðir reynt að sameinast undir einu nafni en ekki fengið það, stjórnvöldum er sennilega ógnað af stærðinni þar sem borgin gæti hæglega orðið fjölmennari en Berlín. Sem dæmi um hversu fjölmennt svæðið er þá er þetta eitt af fáum svæðum jarðar sem sjást mjög vel á næturmyndum teknum úr gervihnöttum af upplýstum svæðum jarðar. Bærinn sem kolanáman Kokerei Zollverein var staðsett í heitir Essen og er orðinn mikil menningarborg í dag. Sem dæmi var Essen valin ein af þrem menningarborgum Evrópu árið 2010 þar sem kolanáman gegnir stóru hlutverki.

Í dag er kolanáman nokkurskonar tákn fyrir Essen og íbúarnir byggja menningu sína í kringum verksmiðjuna. Kolanáman virðist koma við sögu í flestum hátíðum og skemmtunum í bænum og fyrir framan hana hafa til dæmis verið settar upp kvikmyndasýningar, haldnir tónleikar og fleira í þeim dúr. Verksmiðjan er í dag mjög tengd listinni á svæðinu, til dæmis eru sumar gamlar byggingar á svæðinu notaðar sem listasmiðjur. Einnig er mjög algengt að í stórum söllum verksmiðjunnar hangi uppi listasýningar.

Á meðan kolanáman, Kokerei Zollverein, var starfandi unnu nánast allir íbúar svæðisins þar og tengdust því mikið innbyrðis. Íbúarnir voru mjög tengdir verksmiðjunni og því var það mikið áfall þegar henni var lokað vegna minnkandi eftirspurnar. Þegar það fór að hægjast um í stálframleiðslunni var ekki jafn mikil þörf fyrir kolin og því lækkaði verð og eftirspurn á þeim umtalsvert. Á þessum tíma var framleiðsla á svæðinu mjög mikilvæg en í dag starfa flestir við þjónustu og handverk.

Eins og á mörgum stöðum fyrr á árum var öryggi ekki upp á marga fiska, margir misstu útlími eða urðu heyrnarlausir við störf í námunni og að meðaltali létust 2-4 á mánuði í héraðinu. Meðal þess sem olli slysum var að það þurfti að hreinsa kolin frá teinunum svo að vagnarnir á þeim kæmust leiðar sinnar. Oft voru það yngstu og sneggstu mennirnir sem fengu þetta starf en ef þeir voru ekki nægilega snöggir gátu þeir misst útlími eða jafnvel lífið. Þeir sem réðu verksmiðjunum hugsuðu oft um fátt annað en að hagnast sem mest á framleiðslunni og það bitnaði mikið á starfsmönnum. Til dæmis fengu þeir sem mokuðu kolunum í vagnana ekki borgað fyrir þá nema þeir væru yfirfullir. Þetta olli því að kolin hrundu úr vögnunum og aðrir þurftu að hætta lífi sínu við að tína þau frá teinunum. Maður getur ímyndað sér að þetta hafi haft töluverð áhrif á líf fólks. En vissulega voru líka gleðistundir í námunni, meðal annars var algengt að fólk gifti sig þar.

Ef horft er yfir svæðið sést greinilega að þar hafi á árum áður verið mikill iðnaður. Gömlu kolanámurnar hafa valdið því að sumstaðar hefur myndast landssig. Eins og gefur að skilja eru kolanámur ekki mjög traust undirstaða. Fyrir utan bæinn sjást víðsvegar manngerðir hólar og hæðir. Á meðan kolanáman var starfandi söfnuðu menn steinunum sem féllu til við kolavinnsluna, í stórar hrúgur sem nú eru gróðri vaxnar og falla vel inn í umhverfið.

Ásta Steinunn, Guðlaug og Wiebeke Böß